



Banaslys 5. janúar 2009

Suðurlandsvegur við Laugardæli
Ekið á gangandi vegfarenda
Látinn 38 ára karlmaður

Lýsing á slysi

Snemma að morgni dags var bifreið ekið austur Suðurlandsveg. Veðrið var ágætt, engin ofankoma og lítill vindur en myrkur. Rétt austan við Selfoss ók bifreiðin á vegfarenda sem var að hlaupa yfir eða eftir veginum. Vegfarandinn lést af áverkum sem af hlutust. Ökumaður bifreiðarinnar varð vegfarendans ekki var fyrir en rétt fyrir áreksturinn. Þá reyndi hann að sveigja frá til vinstri m.v. akstursstefnu sína. Hann náði ekki að hindra árekstur og lenti vegfarandinn á hægra framhorni bifreiðarinnar. Hann kastaðist svo af henni út fyrir veg.



Mynd tekin af vettvangi vestur Suðurlandsveg. Myndin er lýst upp og tekið er að birta til þegar hún er tekin.

Á slysstað er Suðurlandsvegur óupplýstur en yfirborðsmerkingar eru skýrar, hvítar brotnar línur sem aðskilja akreinar úr gagnstæðum áttum og marka breidd vegarins. Þá eru vegstikur með glitmerkjum í vegöxlum. Vegfarandinn, sem fórst, var klæddur dökkum buxum og gulum hlaupajakka. Á jakkanum voru nokkrar mjóar lóðréttar endurskinsrendur. Ekki er víst að endurskinið hafi verið áberandi í ljósgeisla bifreiðarinnar því rendurnar voru bæði mjóar og þannig staðsettar að þær gátu að hluta falist undir höndum og handakrika þegar vegfarandinn var á hlaupum.

Vitni sem óku Suðurlandsveg þegar slysið varð, bæði á leið austur og vestur, sáu hvar bifreiðinni var sveigt skyndilega að miðlínu vegarins, en enginn þeirra varð var við ákeyrsluna. Þeir óku fram hjá slysavettvanginum, grunlausir um hinn alvarlega atburð sem þarna hafði átt sér stað.

Veður:

Engin ofankoma,
lítill vindur og
myrkur.

Vegur:

Blautt yfirborð.
Bundið slitlag.
Hámarks hraði 80
km/klst. fyrir
vörubifreiðar.
Meðaltalsumferð á
sólalring 4520
ökutæki.
Breidd slitlags 7 m.
2 metra vegöxl, þar
af 80 cm malbikuð.

Tími sólarhrings:

Morgunn.

Ökutæki:

Ford vörubifreið.

Bíltækirannsókn, sem var framkvæmd á bifreiðinni, leiddi í ljós að ástand hennar var gott, hemlun innan marka og ljósabúnaður var í lagi en einhver óhreinindi voru á rúðum. Ætla má af rannsóknargögnum að bifreiðinni hafi verið ekið á eðlilegum hraða þegar slysið átti sér stað.

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar ökumanns bifreiðarinnar voru neikvæðar.

Orsakagreining

- Vegfarandinn sem fórst, gætti ekki að sér.
- Hann var á hlaupum í myrkri á óupplýstum þjóðvegi, þar sem ökumenn gera almennt ekki ráð fyrir gangandi/hlaupandi vegfarendum.
- Hann var ekki með fullnægjandi endurskinsmerki.

Ábendingar

Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til hlaupara og gangandi vegfarenda að huga að sýnileika sínum í umferðinni. Ekki er ráðlegt að vera á ferð í myrkri eða slæmu skyggni á óupplýstum vegi án þess að vera með góð endurskinsmerki. Á hverjum vetri verða alvarleg umferðarslys, sem mögulega væri hægt að afstýra með góðum endurskinsmerkjum.

9.12.2009

Rannsóknarnefnd umferðarslysa